

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg árið 2010.

#### 1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 903/2008, sbr. 2. gr. hennar.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Skráning   | kr. 8.000  |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 2. gr.<br>samþykktar um hundahald | kr. 14.000 |
| c) Bráðabirgðaskráning  | kr. 1.700  |

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 13.700

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. A og 3. gr.

#### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| Fyrsta afhending hunds                             | kr. 11.000 |
| Önnur afhending hunds, ef er innan tveggja mánaða  | kr. 16.500 |
| Þriðja afhending hunds, ef er innan tveggja mánaða | kr. 22.000 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 31. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

#### 7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 903/2008, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 226/2008.

*Selfossi, 8. janúar 2010.*

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2010